

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Skútustaðahreppi.

Deiliskipulag hótellóðar í landi Grímsstaða.

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps samþykkti þann 22. nóvember 2015 tillögu að deiliskipulagi hótellóðar í landi Grímsstaða, rétt norðan Mývatns. Deiliskipulagssvæðið er um 10 ha að stærð. Í fyrirhuguðu hóteli er gert ráð fyrir 91 gistiherbergi auk 10-15 herbergja fyrir starfsfólk. Áætluð heildarstærð bygginga er allt að 5.000 m² á allt að þremur hæðum. Meginmarkmið deiliskipulags-tillögunnar er að setja fram stefnumörkun um uppbyggingu hótels, byggingarreit, húsagerð, aðkomu, bílastæði o.fl. og lögð er áhersla á að framkvæmdin verði gerð í sátt við umhverfið og fylgi reglugerð um verndun Mývatns og Laxár.

Deiliskipulagið hefur hlotið þá málsmeðferð sem skipulagslög nr. 123/2010 mæla fyrir um og öðlast það þegar gildi.

Mývatnssveit, 11. janúar 2016.

Bjarni Reykjalin, skipulags- og byggingarfulltrúi.

B-deild – Útgáfud.: 25. janúar 2016